



TILLAGA

Viðtakandi: Velferðarráð

Sendandi: Rannveig Einarsdóttir, sviðsstjóri velferðarsviðs

Efni tillögu: Útboð á dreifingu máltíða

Lagt er til að velferðarsvið hefji undirbúning útboðs á dreifingu máltíða í heimahús og móttökueldhús þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva velferðarsviðs. Heildarkostnaður á ársgrundvelli vegna akstursins er áætlaður u.þ.b. 88,9 m.kr. Áætlaður heildarkostnaður vegna dreifingu máltíða með þriðja aðila er metinn u.þ.b. 78 m.kr. á ári.

Greinargerð:

Skv. lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 eiga sveitarfélög að sjá um heimsendingu matar í þjónustu við aldraða. Matarþjónusta er ein af grunnstoðum í þjónustu við aldrað og fatlað fólk sem ekki getur eldað sjálft. Í dag er maturinn framleiddur í framleiðslueldhúsi Krydd og Kaviar ehf. og dreift í heimahús og móttökueldhús félagsmiðstöðva velferðarsviðs. Heimsendi maturinn er eldaður með svokallaðri „cook and chill“ aðferð, það er eldaður og hraðkældur í þar til gerðum kæli. Honum er síðan pakkað í bakka sem jafnframt eru ætlaðir til að hita matinn í, annað hvort í venjulegum ofni eða örbylgjuofni. Maturinn hefur geymslupól að minnsta kosti fjóra daga.

Dreifing máltíða í heimahús þjónustu er mikilvægur hlekkur í þjónustukeðjunni. Undanfarin ár hefur akstur verið hluti af starfsemi framleiðslueldhússins á Vitatorgi. Árið 2025 voru 120.211 máltíðum dreift í heimahús. Það hefur sýnt sig að eftir að framleiðslueldhúsinu var lokað þann 2.febrúar 2026, minnkuðu samlegðaráhrif þ.e. bílstjórar gátu ekki lengur unnið verkefni í eldhúsinu þegar þeir voru ekki að keyra og sömuleiðis var ekki lengur hægt að fá starfsfólk úr eldhúsi til að hlaupa í skarðið ef bílstjórar forfölluðust skyndilega. Utanumhald varð mun flóknara. Með því að láta fyrirtæki á sviði flutninga sjá um dreifingu mun þjónustan verða öruggari, skilvirkari og hagkvæmari.

Miðað er við dreifingu í heimahús þrjá til fjóra daga vikunnar og sjö daga til móttökueldhúsa þjónustuíbúða og félagsmiðstöðva. Fjórir bílar hafa verið notaðir til að keyra fjórar mismunandi leiðir um borgina en hver bíll tekur um 110-140 sendingar.

Í dag er talið að til þess að rekstur á bílum vegna heimsendinga matar á vegum velferðarsviðs gangi upp þurfi að lágmarki 4,5 stöðugildi á mánuði. Einnig þarf að hafa í huga kostnað vegna aksturs en samhliða stöðugildunum þarf að reka fjórar bifreiðar með tilheyrandi kostnaði sem fellur niður ef þjónustunni er sinnt af þriðja aðila.

Áætlað er að launakostnaður vegna bílstjóra ásamt aksturskostnaði muni nema um 88,9 m.kr. á árinu 2026. Gert er ráð fyrir að áætlaður kostnaður vegna verktaka geti verið á bilinu kr. 6-7 m.kr. á mánuði eða 72-84 m.kr.á ársgrundvelli miðað við þá forsendu að farið verði sama leiðarkerfi á fjórum bílum með aðkeyptri þjónustu.